

Mætt voru Anna Jóna Árnarsdóttir, Eiríkur J. Kjerúlf sem varamaður Jóhanns Fr Þórhallssonar, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Lárus Heiðarsson og Þorvarður Ingimarsson, einnig var mættur Helgi Hallgrímsson.

Oddviti setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

- 1. Endurútgáfa Fljótsdalsbæklings**
Helgi Hallgrímsson
- 2. Skýrsla oddvita**
- 3. Brettasmiðjan**
- 4. Framkvæmdir við Laugarfell**
 - a) Verkfundargerð 26.07
 - b) Eldri mannvirki við Laugarfell
 - c) Önnur mál er tengjast framkvæmdum
- 5. Vegaframkvæmdir**
- 6. Styrkvegir**
- 7. Bréf**
 - a) UMFÍ dags. 27.07
 - b) Grái hundurinn/Þráinn Lárusson dags.14.07
 - c) Pétur Bjarnason heiðursræðismaður Rússlands dags.29.06
 - d) Sýslumaðurinn á Seyðisfirði dags. 12.07
 - e) Afriti af bréfi Umhverfisstofnunar til Breiðdalshrepps dags. 27.06
 - f) Umhverfisstofnun, dags. 04.07
 - g) EBÍ Brunabót dags, 04.07
 - h) HAUST, DAGS. 03.07
- 8. Umhverfisstyrkir**
 - a) Skeggi G. Þormar f.h. Geitagerðis
 - b) Jósef Valgarð Þorvaldsson og Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Víðivöllum fremri
- 9. Fjarbeiðnir**
 - a) Íþróttasamband fatlaðra
 - b) Markaðsstofa Asturlands
 - c) Austurlandsdeild Smalahundafélags Íslands
- 10. Fundargerðir**
 - a) Fundur vegna jarðstrengjaframkvæmda í Fljótsdal 21.07
 - b) Skólanefnd Hallormsstaðaskóla 07.07
 - c) Austfirsk eining 28.06
 - d) Fundur Fljótsdalshéraðs og Veiðfélags Lagarfljóts 23.06
 - e) Byggingarnefnd 02.08
- 11. Önnur mál**

1. Endurútgáfa Fljótsdalsbæklings

Efni sem Helgi hefur unnið og upphaflega var ætlað til endurgerðar Fljótsdalsbæklings hentar vart til útgáfu bæklings, frekar til bókarútgáfu. Vilji Helga stendur til að efnið verði gefið út sem bók, sem gæti orðið um 250 blaðsíður. Helgi óskaði eftir að sveitarstjórnar upplýsti um hvort vilji væri til þess að standa að bókarútgáfunni, en benti

jafnframt á að mögulegt kann að vera að fá útgefanda að bókinni, og fjárframlag frá Fljótsdalshreppi kæmi þá sem styrkur til útgáfunnar. Sveitarstjórn er áhugasöm um að endurútgefa fyrri Fljótsdalsbækling í nánast óbreyttri mynd og samþykkt var að fela Helga að skoða möguleika á því. Helgi hyggst halda áfram vinnu við handrit bókar um mannlíf og náttúruferir í Fljótsdal, en bókin verður vart tilbúin til útgáfu fyrir en eftir 1-2 ár.. Sveitarstjórn lýsir yfir vilja til þess að leggja fjármagn til bókarútgáfunnar. Upphæðin verður ákveðin við gerð næstu fjárhagsáætlunar.

2. 2.Skýrsla oddvita.

Varaoddviti sá um afleysingu í sumarleyfi oddvita frá 27. júní til 15. júlí. Sami háttur verður á vikuna 8.-12. ágúst. Það sem þá verður eftir af óteknu orlofi mun oddviti taka án afleysinga og skrifstofunni þá lokað dag og dag.

Oddviti sat aðalfund Menningarráðs Austurlands og fund hjá starfshópi “Austfirsk eining” á Djúpavogi 14. júní. Oddviti sat einnig stjórnarfund Brunavarna á Austurlandi á Borgarfirði 24. júní og varaoddviti aðalfund Skógarorku á Hallormsstað og fund í starfshópi AE á Vopnafirði 28.júní

Oddviti og lögfræðingur sveitarfélagsins áttu fund með lögfræðingi í Forsætisráðuneytinu í Reykjavík 25. júlí sl. Rætt var um þjóðlendumál og framkvæmdir innan marka þjóðlenda.

6 unglingar voru í unglingavinnu hjá sveitarfélaginu sem stóð yfir í 5 viku, frá 20. júní til 22. júlí. Meðal verkefna var að mála lestina við Végarð og Pilsvang. Síðasta dag unglingavinnunnar fór svo hópurinn í óvissuferð til Seyðisfjarðar og veiddi í soðið.

Síðasti dagur áætlanafærða frá Egilsstöðum í Végarð á þessu ári var 3.ágúst. Nýting ferðanna var mjög misjöfn, allt frá því að engir farþegar væru, yfir í að það þurfti að vísa fólki frá.

Framkvæmdum við jarðstrengi í Suðurdal er nánast lokið. Búið er að ganga frá og tengja ljósleiðara í Sturluflöt og ganga frá við aðra bæi á strengleiðinni, þannig að síðar meir á að vera hægt að tengja þá við kerfið, verði þess óskað. Eru þá allir bæir í Fljótsdal með fasta búsetu tengdir ljósleiðarkerfinu Rarik fyrirhugar að tengja rafmagnsstrengi í ágúst og taka loftlínu niður í haust.

Breyting á deiliskipulagi Skriðuklaustri vegna byggingaráforma ábúenda hefur tekið gildi, með auglýsingu í Stjórnartíðindum.

Ekki reyndist unnt að stoppa upp tófu sem skotin var við Laugarfell í vetur.

Samkvæmt upplýsingum frá starfshópi um samgöngur í Vatnajökulspjóðgarði hefur starfstími hópsins verið framlengdur til nóvember 2011, en þá er gert ráð fyrir að hópurinn hafi skilað stjórn þjóðgarðsins tillögum sínum.

Fljótsdalsdagur Ormsteitis verður sunnudagur 21. ágúst og er dagskrá tilbúin, að mestu er um að ræða hefðbundna dagskrá.

Drög að reglum Jöfnunarsjóðs um framlög úr Jöfnunarsjóði til eflingar tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun eru til kynningar á vef innanríkisráðuneytisins.

Félag eldri borgara á Héraði hefur lýst yfir ánægju með viðbrögð sveitarfélaga á Héraði , til að tryggja eldri borgurum aukna félagsaðstöðu. Stjórn félagsins er reiðubúin til viðræðna um málið þegar þess verður óskað.

Mennta-og menningarmálaráðuneytið hefur tilkynnt að áfram verði haldið með að skerða framlög til námsgagnasjóðs.Úthlutun til Hallormsstaðaskóla fyrir árið 2011 er kr. 51.843,-

Þjóðskrá Íslands hefur birt upplýsingar um fasteignamat 2012. Samkvæmt upplýsingunum hækkar fasteignamat í Fljótisdalshreppi um 2,7%.

Slysavarnarfélagið Landsbjörg hvetur bæjar-og sveita stjórnendur til að huga að öryggisatriðum unglunga í sumarvinnu.

Umhverfisráðherra leggur áherslu á þátttöku ungmenna á Umhverfisþingi 14. september.

Borist hefur afrit af samningi ríkis og sveitarfélaga á Austurlandi um menningarmál og menningartengda ferðaþjónustu. Einnig barst samstarfssamningur sveitarfélaga á Austurlandi, undirritaður af fulltrúum allar sveitarfélaganna.

Stýrihópur Umhverfisráðuneytisins um aðgerðir til að stemma stigu við útbreiðslu alaskalúpínu og skógarkerfils fer fram á við sveitarfélög, stofnanir og félagasamtök að þau taki þátt í að stemma stigu við útbreiðslu þessara tegunda og upprætingu, sérstaklega á hálendinu og á friðuðum svæðum. Stýrihópurinn er reiðubúin til að veita upplýsingar og ráðgjöf.

Sveitarstjórn sér ekki að lúpína sé vandamál í sveitarfélaginu, öðru máli gæti gegnt með skógarkerfil, nái hann sé á strik.

Stjórn SSA hefur bókað um fyrirsjáanlega skerðingu á þjónustu héraðsdýralækna og hefur áhyggjur af óvissu sem skapast við breytingar á starfsumhverfi héraðsdýralækna. Stjórn SSA mótmælir einnig öllum hugmyndum um að draga úr þjónustu, eða jafnvel leggja niður störf í heilbrigðisþjónustu og löggæslu á jaðarsveitarfélögum í fjórðungnum.

Samband íslenskar sveitarfélaga minnir sveitarfélög á nauðsyn þess að fara yfir vinnutilhögun á sundstöðum, í ljósi hertra reglna sem felast í nýrri reglugerð.

Verkefnastjóri Þróunarfélagsins hefur upplýst að hugmyndir varðandi þurrkstöð í Fellabæ séu strandaðar og ekki hafi gengið eftir eins og til stóð að ráða verkefnastjóra.

Nefnd hefur verið falið að leggja drög að reglugerð um framkvæmdaleyfi og gefst sveitarfélögum kostur á að koma með ábendingar til nefndarinnar, frestur til þess er til 15.ágúst.

Ríkisstjórn Íslands hefur ákveðið að tileinka 16.september ár hvert íslenskri náttúru.

Í breyttu skóladagatali Hallormsstaðaskóla kemur fram að skólasetning verður miðvikudaginn 24. ágúst og skólaslit skólaársins 29. maí. Svonefndum tvöföldum skóladögum er fjölgað m.a. til að koma til móts við óskir um sparnað í skólarekstri.

Landsvirkjun hefur sent skýrsluna “LV-2011-080” Vöktun heiðargæsa á vatnasviði Jökulsár á Dal og Jökulsár í Fljótsdal 2005-2010. Áhrif Kárahnjúkavirkjunar á heiðargæsir.

Önnur gögn og rit sem borist hafa:

Ársrit Skógræktar ríkisins 2010

Fréttabréf Þróunarfélags Austurlands, ásamt ársreikningi Vaxtarsamnings 2010

Ársreikningur Skógarorku 2010

Ársreikningur Menningarráðs Austurlands 2010

3. Brettasmiðjan. Uppsetning véla og tækja er að mestu leyti lokið á Bessastöðum og framleiðsla hafin á brettaefni úr Brekkuskógi.

4. Framkvæmdir við Laugarfell

- a) Verkfundargerð 26.07. Ekki reyndist mögulegt að nota það hleðslugrjót sem fyrirhugað var og verður því að fá grjót annarsstaðar frá. Kostnaðarauki vegna þess er áætlaður um kr. 600 þús. Samþykkt af sveitarstjórn.
- b) Eldri mannvirki við Laugarfell. Jón Þór Þorvarðarson hefur óskað eftir að fá að flytja vinnubúðaeiningar í Laugarfelli yfir á Múla. Byggingarfulltrúi hefur metið ástand húsanna og telur þau ónýtt. Beiðninni er því hafnað og verða húsin rifin.
- c) Önnur mál er tengjast framkvæmdum. Farið verður fram á verktaka við Laugarfell að byggja undirstöður undir eldra hesthús sem verður flutt til á svæðinu og ganga frá því þannig að það verði nothæft.

5. Vegaframkvæmdir. Búið er að leggja fyrra lag af bundnu slitlagi á Múlaveg, í Glúmsstaði II.

6. Styrkvegir. Samþykkt að nýta styrk sem fékkst vegna viðhalds á styrkvegum til viðhalds á slóðum í Klaustursel og Fjallaskarð.

7. Bréf

- a) UMFÍ dags. 27.07. Varðar auglýsingu á umsóknum til þess að halda landsmót UMFÍ 50 + . Kynnt.
- b) Grái hundurinn/Þráinn Lárusson dags.14.07. Varðar hugmyndir um endurnýjung á leigusamningi, um skólahúsnæði Hallormsstað. Kynnt.
- c) Pétur Bjarnason heiðursræðismaður Rússlands dags.29.06. Kynnt.
- d) Sýslumaðurinn á Seyðisfirði dags. 12.07. Óskar eftir að færa á afskriftarreikning kr. 130.158- vegna árangurslauss fjárnáms. Samþykkt.
- e) Afriti af bréfi Umhverfissráðuneytinu til Breiðdalshrepps dags. 27.06. Varðar urðun Héraðs og Seyðisfjarðarkaupstað í Breiðdal. Kynnt.
- f) Umhverfissráðuneytið, dags. 04.07. Varðar skipulagsreglugerðir. Kynnt
- g) EBÍ Brunabót dags, 04.07. Varðar styrktarsjóð. Kynnt.
- h) HAUST , DAGS. 03.07. Varðar stöðu fráveitumála í sveitarfélögum Austurlands. Ósk um upplýsingar. Kynnt.

8. Umhverfisstyrkir

- a) Skeggi G. Þormar f.h. Geitagerðis. Samþykktur hámarksstyrkur. *Gunnþórunn vék af fundi og Lárus tók við fundarstjórn.*
- b) Jósef Valgarð Þorvaldsson og Gunnþórunn Ingólfsdóttir, Víðivöllum fremri. Samþykktur hámarksstyrkur.

9. Fjárbeiðnir

- a) Íþróttasamband fatlaðra. Hafnað.
- b) Markaðsstofa Asturlands. Samþykkt að greiða kr. 25.000- vegna ferðasýningar í Reykjavík.
Þorvarður vék af fundi
- c) Austurlandsdeild Smalahundafélags Íslands. Sótt um 100.000,-kr.styrk vegna landskeppni smalahunda sem haldin verður á Eyrarlandi 27-28 ágúst. Samþykkt.
Þorvarður kemur aftur til fundar

10. Fundargerðir

- a) Fundur vegna jarðstrengjaframkvæmda í Fljótsdal 21.07. Engar athugasemdir.
- b) Skólanefnd Hallormsstaðaskóla 07.07. Engar athugasemdir.
- c) Austfirsk eining 28.06. Kynnt.
- d) Fundur Fljótsdalshéraðs og Veiðfélags Lagarfljóts 23.06. Kynnt.
- e) Byggingarnefnd 02.08. Sveitarstjórn staðfestir fundargerð byggingarnefndar og samþykkir stöðuleyfi til 2ja ára fyrir veðursjá á Miðfelli. Leyfið verður gefið út þegar leyfi landeigenda liggur fyrir.

11. Önnur mál.

Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti ráðningu Írisar Randversdóttur sem skólastjóra Hallormsstaðaskóla.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 18.00

Þorvarður ritaði fundargerð í tölvu.

Gunnþórunn Ingólfisdóttir (sign)
Þorvarður Ingimarsson (sign)
Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)
Eiríkur J. Kjerúlf (sign)
Lárus Heiðarsson (sign)